

Samantekt um verkefnið

Inngangur

1. Aðdragandi
2. Útfærsla
 - skipurit
 - stýrihópur
 - verkefnishópur
 - samgönguhópur
 - rýnihópar
 - verkefnisstjóri
 - miðborgarstjórn
3. Einstakir áfangar
 - 3.1 breyting á aðalskipulagi
 - 3.2 framkvæmd
 - 3.3 samgöngur
 - 3.4 verndun og uppbygging
 - 3.5 íbúðasvæði
 - 3.6 hafnarsvæði
 - 3.7 mótun umhverfis
 - 3.8 deiliskipulag
 - 3.9 reglur um afgreiðslu umsókna um breytta notkun og gagnagrunnur
4. Kynningarmál

Viðauki

- Útgáfur
- Samantekt ræsfundar

1. Aðdragandi

Árið 1997 tóku Miðborgarsamtökin og Reykjavíkurborg höndum saman um að vinna að þróunaráætlun og uppbyggingaráætlun fyrir miðborg Reykjavíkur. Ástæðan var sú að í miðborginni voru ýmis vandamál sem komu í veg fyrir að hún gæti staðið undir nafni og þróast með æskilegum hætti. Þau vandamál sem einkum blöstu við voru:

- Fækkun verslana, einkum í Kvosinni
- óheft fjölgun veitingahúsa og vínveitingastaða sem komu í stað verslana
- ónógt framboð af heppilegu verslunarrými
- ónógt framboð af heppilegu skrifstofurými
- skortur á fjárfestingu
- skortur á skýrri framtíðarsýn
- skortur á bílastæðum
- lítil uppbygging íbúðarhúsnæðis
- aukin samkeppni frá öðrum miðsvæðum

Borgarskipulagi var falin umsjón verkefnisins og voru það Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir og Hafdís Hafliðadóttir sem höfðu umsjón með því fyrir hönd stofnunarinnar.

Ákveðið var að leita aðstoðar breska ráðgjafafyrirtækisins Bernard Engel Architects & Planners (BEAP) og tóku þeir til starfa á vordögum 1997.

Mikil vinna var lögð í þarfagreiningu m.a. með viðtölum við fulltrúa viðskiptalífsins, fulltrúa íbúa, fasteignasala, kaupmenn, fulltrúa banka, fulltrúa verndunarhópa, ferðaþjónustu o.fl.. Niðurstaða þarfagreiningarinnar og drög að stefnu voru sett fram í desember 1997 í skýrslu sem bar heitið:

“A STRATEGY FOR REYKJAVIK CITY CENTRE”

Bernard Engle Architects and Planners, desember 1997

Í ágúst 1998 kom önnur skýrsla e.k. stöðumat og fyrstu drög að útfærslu:

“REYKJAVIK CITY CENTRE STUDY – REVIEW OF PROGRESS REPORT”

Bernard Engle Architects and Planners, ágúst 1998

Þriðja skýrslan kom út í ársbyrjun 1999 en þar er hin eiginlega stefna og stefnumarkandi ákvarðanir settar fram:


“REYKJAVIK CITY CENTRE PLAN – STAGE 3 REPORT”

Bernard Engle Architects and Planners, janúar 1999

Richard Abrams, ráðgjafi hjá BEAP, veitti ráðgjöf fram til febrúar 2000 og átti m.a. fundi með borgarstjóra, stýrihópi, miðborgarstjórn, verkefnishópi o.fl.

2. Útfærsla

Eftir að borgarráð hafði samþykkt í meginatriðum “REYKJAVIK CITY CENTRE PLAN –STAGE 3 REPORT” í febrúar 1999 var hafinn undirbúningur að framsetningu og útfærslu þeirrar stefnu sem þar er sett fram. Unnið var skv. neðangreindu skipuriti:



Stýrihópur

Hlutverk stýrihópsins var skilgreint eftirfarandi:

Stýrihópur ber ábyrgð á verkefninu gagnvart skipulags- og umferðarnefnd, borgarráði og borgarstjóra. Hann leiðir verkefnið og kallar til ábyrgðar ef skilgreindri og samþykktri verkáætlun er ekki fylgt og kostnaður fer fram úr áætlun. Stýrihópur getur haft samband við þá aðila, s.s. borgarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins og alþingismenn, sem honum þurfa þykir til þess að afla verkefninu stuðning og tryggja framgang þess. Stýrihópur getur kallað verkefnishóp og rýnihópa til fundar ef honum þurfa þykir. Í stýrihóp sitja formaður skipulags- og umferðarnefndar, skipulagsstjóri, borgarverkfræðingur, (byggingarfulltrúi) og sviðsstjóri aðalskipulags á Borgarskipulagi. Sviðsstjórinn er tengliður við verkefnishóp, verkefnisstjóra og miðborgarstjórn. Stýrihópur fundar reglulega aðra hverja viku.

Hlutverk stýrihóps er að:

1. *Skilgreina tilgang og markmið verkefnisins.*
2. *Skilgreina leiðir að markmiðum.*
3. *Setja fram aðgerðarlista fyrir verkefnisstjóra og verkefnishóp.*
4. *Meta niðurstöður verkefnisins í ljósi settra markmiða.*
5. *Setja fram tillögur um framrás verkefnisins.*
6. *Fjalla um og samþykkja fjárhags- og verkáætlanir sem verkefnisstjóri og verkefnishópur leggur fram.*
7. *Undirbúa framlagningu tillagna fyrir skipulagsnefndar og borgarráðs.*
8. *Afla verkefninu stuðnings meðal hagsmunaaðila og borgaryfirvalda.*
9. *Sjá um tengsl við yfirstjórnendur borgarinnar og ríkis.*
10. *Tryggja aðföng í verkefnið.*
11. *Afla verkefninu tilskilinna heimilda til þátttöku annarra borgarstofnana og fyrirtækja.*
12. *Vera málsvari verkefnisins innan borgarinnar og út á við.*

Í stýrihóp voru skipaðir:

Guðrún Ágústsdóttir, formaður skipulags- og umferðarnefndar, formaður
Þorvaldur S. Þorvaldsson, skipulagsstjóri
Stefán Hermannsson, borgarverkfræðingur
Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, sviðsstjóri aðalskipulagssviðs
Helga Bragadóttir, sviðsstjóri deiliskipulagssviðs

Guðrún Ágústsdóttir lét af störfum um mitt ár 1999 og við tók Árni Þór Sigurðsson sem gengdi formennsku í stýrihópi í eitt ár en Steinunn Valdís Óskarsdóttir leiddi verkefnið til enda.

Stýrihópur hélt alls 50 fundi og er fundargerðir hans að finna á neti Borgarskipulags undir slóðinni: F:/Throun2/styrihopur.

Verkefnishópur

Hlutverk hópsins var skilgreint á eftirfarandi hátt:

Verkefnishópur ber ábyrgð á að verkefnið sé unnið faglega og í samræmi við gildandi skipulags- og byggingarlög og reglugerðir. Verkefnishópur kys sér leiðtoga um leið og hann tekur formlega til starfa. Leiðtogi skal vera starfsmaður Borgarskipulags. Verkefnishópur er skipaður þremur starfsmönnum Borgarskipulags, einum starfsmanni borgarverkfræðings og einum starfsmanni byggingarfulltrúa. Verkefnishópur mun skipta með sér verkefnum í samráði við leiðtoga hópsins og mun hann sitja fundi undirhópa. Hann mun jafnframt fara fram á að verkefnisstjóri kalli verkefnishóp til funda.

Hlutverk verkefnishóps er að:

- 1. Hafa samvinnu við verkefnisstjóra um verkáætlun í samræmi við aðgerðarlista stýrihóps.*
- 2. Kynna stýrihóp vinnu hvers áfanga við upphaf hans.*
- 3. Sjá um að staðfæra erlendan texta í skýrslu áfanga 3.*
- 4. Bæta við texta þar sem á vantar í skýrslu áfanga 3.*
- 5. Leggja tillögur um viðbætur texta fyrir stýrihóp.*
- 6. Vinna úr athugasemdum sem koma fram vegna kynninga og leggja fyrir stýrihóp.*
- 7. Setja fram lýsingu á gerð gagna að aðkeyptra vinnu vegna verkefnisins.*
- 8. Tryggja að tillögur séu í samræmi við lög og reglugerðir.*
- 9. Kynna framvindu verkefnisins fyrir viðkomandi nefndum borgarinnar.*
- 10. Sjá um tengsl við þjónustuaðila vegna aðkeyptra vinnu*
- 11. Hafa tengsl við samstarfsaðila í borgarkerfinu, s.s. byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlit og aðra eftir því sem við á.*
- 12. Hafa tengsl við samráðsaðila, s.s. ýmsa hagsmunaaðila, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök eftir því sem við á.*
- 13. Vinna að gerð kynningarefnis í samráði við verkefnisstjóra.*
- 14. Hafa samráð við verkefnisstjóra um kynningar- og samþykktarferli.*

Verkefnishópur var settur á laggirnar í maí 1999 en í honum áttu sæti:

Jóhannes S. Kjarval, arkitekt, leiðtogi hópsins
Björn Axelsson, landslagsarkitekt
Hlín Sverrisdóttir, landslagsarkitekt og skipulagsfræðingur
Bjarni Jónsson, lögfræðingur, skrifstofustjóri byggingarfulltrúa
Ólafur Bjarnason, aðstoðarborgarverkfræðingur

Verkefnishópur hélt alls 44 fundi auk þess sem hópurinn fundaði með rýnihópum og hagsmunaaðilum s.s. íbúum, samtökum verslunarinnar, borgarafundum o.fl. Fundargerðir verkefnishóps er að finna á neti Borgarskipulags undir slóðinni: F:/Throun2/fundargerdir.

Samgönguhópur

Samgönguhópur kom fyrst saman í júlí 1999 en í hópnunum áttu sæti:

Jóhannes S. Kjarval, Borgarskipulagi
Stefán Haraldsson, Bílastæðasjóði
Stefán Finnsson, Borgarverkfræðingi
Þórhallur Örn Guðlaugsson, SVR
Árni Einarsson, miðborgarstjórn
Edda Sverrisdóttir, miðborgarstjórn

Samgönguhópur hafði það hlutverk að þýða, staðfæra og betrubæta samgöngukafla STAGE 3 REPORT. Í þeim tilgangi hafði hópurinn umsjón með

viðamikilli skoðanakönnun meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins þar sem kannaðar voru ferðavenjur um miðborgina. Niðurstöður könnunarinnar er að finna í skýrslu sem kom út í febrúar 2000:

“Þróunaráætlun miðborgar – Reykjavíkurborg, febrúar 2000”

GALLUP, febrúar 2000

Samgönguhópur hélt alls 33 fundi og er fundargerðir hópsins að finna á neti Borgarskipulags undir slóðinni: F:/Throun2/fundargerdir.

Rýnihópar

Hlutverk rýnihópa var að veita faglegar ábendingar og ráðgjöf og koma sjónarmiðum hagsmunaðila á framfæri. Í upphafi var gert ráð fyrir að þrjár virkir rýnihópar tækju þátt í að hrinda Þróunaráætlun miðborgar í framkvæmd. Raunin varð hins vegar sú að aðeins einn þeirra var virkur, þ.e. faglegur rýnihópur, en hinir komu mun minna að verkefninu.

Óskað var eftir tilnefningu í faglegan rýnihóp frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi landslagsarkitekta, Skipulagsfræðingafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands. Eftirtaldir voru skipaðir:

Hildigunnur Haraldsdóttir, Arkitektafélagi Íslands
Oddur Hermannsson, Félagi landslagsarkitekta
Gestur Ólafsson, Skipulagsfræðingafélagi Íslands
Örn Steinar Sigurðsson, Verkfræðingafélagi Íslands

Hópurinn fundaði sjö sinnum með verkefnishópi þ.e. farið var yfir hvern áfanga verkefnisins áður en hann var endanlega afgreiddur til skipulagsnefndar. Fundargerðir hópsins er að finna á neti Borgarskipulags undir slóðinni F:/Throun2/rýnihopar.

Verkefnishópur hélt tvo fundi með öðrum rýnihópi frá ýmsum hagsmunaaðilum en í þeim hópi voru:

Bjarni Reynarsson, Þróunarsviði Ráðhúss Reykjavíkur
Erna Hauksdóttir, samtökum atvinnulífsins
Eggert Jóhannsson, Þróunarfélagi miðborgarinnar

Verkefnishópur hélt einnig tvo fundi með rýnihópi fjárfesta en í þeim hópi voru:

Guðmundur Hauksson, fjármálahópi miðborgarstjórnar
Páll Guðjónsson, Aflvaka
Þorkell Sigurlaugsson, fjármálahópi miðborgarstjórnar

Þá leitaði verkefnishópur ráðgjafar lögfræðinga s.s. borgarlögmanns, lögfræðings borgarverkfræðings auk þess sem nokkrir fundir voru haldnir með Skipulagsstofnun.

Verkefnisstjóri

Hlutverk verkefnisstjóra var skilgreint á eftirfarandi hátt

Verkefnisstjóri vinnur með verkefnishópi. Hann á að vera hópnum stuðningur svo að hópurinn geti sem best sinnt faglegri hlið verkefnisins. Verkefnisstjóri situr fundi stýrihóps. Stýrihópur getur beðið verkefnisstjóra að sinna ákveðnum verkum, s.s. að kalla verkefnishóp og rýnihópa til funda. Verkefnisstjóri er ráðinn sérstaklega að verkefninu Þróunaráætlun miðborgar, og til ákveðins umsamins tíma.

Hlutverk verkefnisstjóra er að:

1. Vinna verkáætlun fyrir verkefnið í samvinnu við verkefnishóp og í samræmi við aðgerðarlista stýrihóps.
2. Hafa eftirlit með að verkáætlun sé fylgt eftir.
3. Setja fjárhagsramma fyrir verkefnið í samráði við stýrihóp, þar með talið að gera tillögu um hvaða vinnu þurfi að kaupa að til þess að halda tímaáætlun og meta kostnaðinn.
4. Veita stýrihópi reglulega upplýsingar um framvindu verkefnisins og fjárhagsstöðu þess.
5. Hafa samráð við verkefnishóp um gagnaöflun.
6. Boða til og sitja fundi í verkefnishóp í samráði við leiðtoga verkefnishóps.
7. Boða til og sitja fundi í rýnihópum í samráði við leiðtoga verkefnishóps.
8. Boða til og sitja fundi verkefnishóps með lögfræðilegum ráðgjöfum, skipuðum af borgarráði í samráði við leiðtoga verkefnishóps.
9. Boða til og sitja fundi verkefnishóps og starfsmanna Skipulagsstofnunar í samráði við leiðtoga verkefnishóps.
10. Tryggja framkvæmd tillagna sem snúa að öðrum stofnunum/fyrirtækjum borgarinnar með því að setja nauðsynlegt ferli í gang og afla til þess nauðsynlegra samþykktarviðeigandi yfirstjórnar/nefnda.
11. Móta samskiptaferli í samráði við leiðtoga verkefnishóps við tilgreinda samstarfsaðila í borgarkerfinu, s.s. byggingarfulltrúa og heilbrigðisefirlit og aðra eftir því sem við á.
12. Boða til og sitja fundi sem hann og leiðtogi verkefnishóps telja nauðsynlega vegna þess ferils.
13. Skrifa fundargerðir allra funda sem hann boðar til og situr.
14. Móta samskiptaferli við samráðsaðila, s.s. ýmsa hagsmunaaðila, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök.
15. Vinna kynningar- og samþykktarferli í samráði við stýrihóp og verkefnishóp.
16. Fylgja kynningar- og samþykktarferli eftir.
17. Sjá um markaðssetningu verkefnisins, þ.m.t. verk- og kostnaðaráætlanir
18. Koma á tengslum við sérstaka aðila á dagblöðum og sjónvarps- og útvarpsstöðum.
19. Hafa eftirlit með að verkáætlun sé fylgt eftir og að kostnaður fari ekki fram úr áætlun.
20. Sjá um að efni sé sett á heimasíðu Borgarskipulags og því haldið við.

21. Sjá um tengsl við fjölmiðla í samráði við tengilið stýrihóps, s.s. að gefa út fréttatilkynningar og koma á framfæri reglulega upplýsingum um verkefnið.
22. Setja upp blaðamannafundi ef stýrihópur sér þörf á.
23. Sjá um að texti breskra ráðgjafa sé þýddur af skjalapýðanda.
24. Sjá um að verkefnishópur staðfæri textann og að hann sé í samræmi við íslensk lög og reglugerðir.
25. Lesa yfir texta verkefnishóp og koma með ábendingar.
26. Halda verkefnishandbók skv. skilgreiningu félags verkefnisstjóra.

Verkefnisstjóri, Anna Margrét Guðjónsdóttir, var ráðin til starfa 1. maí 1999.

Miðborgarstjórn

Í skýrslu BEAP frá desember 1997 er lagt til að sett verði á laggirnar miðborgarstjórn sem samræmi og samhæfi stjórn miðborgarmálefna. Borgarráð samþykkti í xxxx og voru eftirtaldir tilnefndir af hálfu Reykjavíkurborgar

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri
Bolli Kristinsson, kaupmaður
Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri
Eva María Jónsdóttir, dagskrárgerðarmaður (fulltrúi íbúa)
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarfulltrúi
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi

Varamenn:

Helga Jónsdóttir, borgarritari
Edda Sverrisdóttir, kaupmaður
Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri
Árni Einarsson, verslunarstjóri (fulltrúi íbúa)
Sigrún Magnúsdóttir, borgarfulltrúi
Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi

Framkvæmdastjóri miðborgar: Kristín Einarsdóttir

Miðborgarstjórn hefur frá upphafi fylgst náið með framvindu mála við útfærslu Þróunaráætlunar miðborgar. Stjórnin veitti umsögn um hvern áfanga áætlunarinnar auk þess sem fulltrúar úr miðborgarstjórn áttu sæti í samgönguhópi og í rýnihópi. Framkvæmdastjóri miðborgar sat fundi stýrihóps Þróunaráætlunar og verkefnisstjóri Þróunaráætlunar sat fundi miðborgarstjórnar.

3. Einstakir áfangar

3.1 Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016

Megin efni þessa áfanga er breytt afmörkun miðborgar og nánari skilgreining á landnotkun miðborgarinnar í landnotkunarreiti þ.e. miðborgarkjarna, atvinnusvæði og verslunarsvæði. Nokkur svæði eru tilgreind sem "skilgreind götusvæði" þar sem borgaryfirvöld setja reglur um hvaða starfsemi er heimiluð, m.a. á hvað svæðum heimild er veitt til langs opnunartíma veitingahúsa.

Hér er nýjung í skipulagsmálum á Íslandi að ræða og fór því nokkur tími í að útfæra hugmyndina og var m.a. fundað nokkrum sinnum með Skipulagsstofnun vegna þessa. Þá var einnig lögð talsverð vinna í að útbúa starfssemisflokka (að breskri fyrirmynd) sem skyldu vera grundvöllur að stjórnun nýtingar á sérstökum götusvæðum.

Upphaf: maí 1999
Lok: júlí 2000

3.2 Framkvæmd

Grundvallaráfangi til að tryggja framgang Þróunaráætlunar. Unninn í náinni samvinnu við borgaryfirvöld enda munu nokkrar samþykktir áfangans hafa áhrif á skipulagsmál annars staðar í borginni sem og fjárhagslegar skuldbindingar.

Upphaf: september 1999
Lok: febrúar 2000

3.3 Samgöngur

Eins og fram kemur í yfirliti yfir samgönguhóp var mikill tími lagður í undirbúa stefnu í samgöngumálum. Þeir embættismenn borgarinnar sem sæti áttu í hópnum höfðu þó unnið talsvert með bresku ráðgjöfunum og skrifað hluta textans um samgöngumál í STAGE 3 REPORT. Viðamikil könnun var gerð á ferðum höfuðborgarbúa (1200 manna úrtak) til og frá miðborginni og var hluti niðurstöðunnar notaður við stefnumótunina. Könnuinn var unnin með það í huga að sé að endurtaka hana síðar.

Upphaf: júlí 1999
Lok: júní 2000

3.4 Verndun og uppbygging

Undirbúningur þessa áfanga var í höndum Péturs Ármannssonar, Byggingarlistadeild Listasafns Reykjavíkur og Nikulásar Úlfars Mássonar, Húsadeild Minjasafns Reykjavíkur. Þeir höfðu unnið mestan hluta tillagna í STAGE 3 REPORT en auk þess var byggist stefnan á þemahefti Aðalskipulags Reykjavíkur 1996-2016 um húsvernd. Efnið var sent til umsagnar m.a. menningarmálanefndar og kynnt á opnum borgarafundi.

Upphaf: desember 1999
Lok: september 2000

3.5 Íbúðarsvæði

Þessi áfangi var unnin í náinni samvinnu verkefnishóps og byggingarfulltrúa enda verið að marka stefnu fyrir íbúðir á svæði sem ekki er skilgreint sem íbúðarsvæði. Því var ákveðið að festa í sessi stefnu sem vikur nokkuð frá byggingarreglugerð en er löngu tímabær að mati þeirra sem gerst þekkja.

Upphaf: febrúar 2000
Lok: október 2000

3.6 Hafnarsvæði miðborgarsvæðis

Áfangi sem aðallega var unninn af stýrihópi í náinni samvinnu við hafnaryfirvöld. Hann var samþykktur í hafnarstjórn, skipulags-og umferðarnefnd og borgarráði.

Upphaf: maí 2000
Lok: október 2000

3.7 Mótun umhverfis

Landmótun ehf. sá um undirbúning að þessum síðasta áfanga STAGE 3 REPORT sem lagður var fram í borgarráði til samþykktar. Fyrirtækið hafði unnið með bresku ráðgjöfunum en gerðu þónokkra úttekt á umhverfi miðborgarinnar í tengslum við vinnu sína.

Upphaf: desember 1999
Lok: desember 2000

3.8 Deiliskipulag

Vinna við deiliskipulag hófst um áramótin 1999/2000. Miðborginni er skipt í átta skipulagssvæði og eru jafnmargar stofur að vinna að verkefninu. Sú stefna sem sett er fram í áföngum Þróunaráætlunar miðborgar er útfærð í deiliskipulagi og fæst þannig heildstæðari skipulag fyrir svæðin. Hlutverk Borgarskipulags er að hafa umsjón og eftirlit með vinnunni sem m.a. felst í að sjá til þess stefnunnar sé framfylgt.

3.9 Reglur um afgreiðslu umsókna um breytta notkun og gagnagrunnur

Til að tryggja skjóta og jafna málsmeðferð þeirra sem sækja um leyfi til að breyta notkun á skilgreindum götusvæðum voru samdar sérstakar vinnureglur. Það voru embættismenn Borgarskipulags og byggingarfulltrúa sem unnu að gerð þeirra en reglurnar voru kynntar í skipulags-og byggingarnefnd áður en þær voru samþykktar þar 17. janúar 2001. Reglurnar voru síðan staðfestar í borgarráði 23. janúar. Einnig var unnið að gerð gagnagrunns til að unnt sé að fylgjast með breytingum og hafa yfirsýn yfirstarfsemi á viðkomandi götusvæðum. Gagnagrunnurinn verður vistaður í Borgarsjóni en breytingar verða færðar inn af starfsmönnum Borgarskipulags.

4. Kynningarmál

Frá upphafi var leitast við að kynna verkefnið vel fyrir hagsmunaaðilum og almenningi og var ýmsum aðferðum var beitt í þeim tilgangi. Móttakendum skilaboða var skipt í þrjá hópa:

1. Allir innan miðborgarsvæðis
2. borgarfulltrúar, borgarstofnanir, miðborgarstjórn,
3. þingmenn, ýmsar stofnanir s.s skipulagsyfirkvöld á öllu landinu,
4. ýmsir hagsmunaaðilar s.s. arkitektar, fasteignasalar o.fl.
5. allir.

Eftirfarandi boðleiðir voru notaðar við hvern hóp:

Allir innan miðborgarsvæðis

- Kynningarbæklingur í upphafi annars áfanga,
- Sex fréttabréf og safnmappa. Í fréttabréfunum var greint frá stefnu og stefnumarkandi ákvörðunum hvers áfanga,
- bæklingur með upplýsingum um afgreiðslu umsókna um breytta notkun,
- Sérstök hvating til að mæta á kynningarfundi.

Borgarfulltrúar, borgarstofnanir, miðborgarstjórn

- Kynningarbæklingur í upphafi annars áfanga,
- send stefna og greinargerð – í sumum tilvikum til umsagnar, alltaf að loknu samþykki borgarráðs,
- sérstakar kynningar á einstökum áföngum,
- bæklingur með upplýsingum um afgreiðslu umsókna um breytta notkun.

Þingmenn, ýmsar stofnanir

- Fréttabréf,
- bæklingur með upplýsingum um afgreiðslu umsókna um breytta notkun.

Ýmsir hagsmunaaðilar

- Fréttabréf
- stefna og greinargerð í vissum tilvikum
- kynningafundir,
- bæklingur með upplýsingum um afgreiðslu umsókna um breytta notkun.

Allir

- Kynningafundir
- greinar í dagblöðum og tímaritum
- umfjöllun í ljósvakamiðlum
- vefsvæði*

* Vegna breytinga á vef Reykjavíkurborgar reyndist ekki unnt að nota sérstakt vefsvæði þróunaráætlunar sem skildi til kynningar.

Útgáfur

“A STRATEGY FOR REYKJAVIK CITY CENTRE”

Bernard Engle Architects and Planners, desember 1997

“REYKJAVIK CITY CENTRE STUDY – REVIEW OF PROGRESS REPORT”

Bernard Engle Architects and Planners, ágúst 1998

“REYKJAVIK CITY CENTRE PLAN – STAGE 3 REPORT”

Bernard Engle Architects and Planners, janúar 1999

Miðborg Reykjavíkur – Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016

Borgarskipulag, júlí 2000

Framkvæmd

Borgarskipulag, febrúar 2000

Samgöngur

Borgarskipulag, júní 2000

Verndun og uppbygging

Borgarskipulag, september 2000

Íbúðarsvæði

Borgarskipulag, október 2000

Hafnarsvæði miðborgarsvæðis

Borgarskipulag, október 2000

Mótun umhverfis

Borgarskipulag, desember 2000

Þróunaráætlun miðborgar – könnun á umferðarvenjum í miðborginni

Gallup, mars 2000

Fréttabréf

Borgarskipulag, desember 1999 - janúar 2001

Kynningarbæklingar

Borgarskipulag